



## Endurreisn Laxabakka

Síðastliðinn föstudag var fögnuður mikill á bökkum Sogsins við langþráð reisugildi Laxabakka. Íslenski bærinn ehf. er núverandi eigandi Laxabakka „Það hefur gengið á ýmsu undanfarin ár en nú hefur náðst sátt um allan ágreining og uppbygging hafin af fullum krafti á Laxabakka, grind og sperrur komnar á sinn stað og húsið risið aftur upp. Reisuguldið fór vel fram, þrátt fyrir að veður væri með allra versta móti, eins og hellt úr fötu allan tímann. Auk þess vildi til að gríðarleg umferðarteppa var undir Ingólfsfjalli um þetta leyti, sem fældi nokkra gesti frá. Þarna voru saman komnir þeir sem höfðu sýnt þessu verkefni einlægán áhuga eða komið beint að uppbyggingunni undanfarið,“ segir forsvarsfólk Íslenska bæjarins, Hannes Lárússon og Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir.

Þegar hinn heimsfrægi finnski arkitekt Alvar Aalto kom til landsins til þess að vera við opnun Norræna hússins árið 1969 heimsótti hann Laxabakka

við Sog og lét þá þau orð falla, að Laxabakki væri fallegasta hús sem hann hefði séð á Íslandi.

Húsið er hannað og byggt af Ósvaldi Knudsen kvikmyndagerðarmanni og málrameistara af miklu listfengi og alúð árið 1942. Byggingin, sem er sambland af torfbæ og timburhúsi, stendur föstum fótum í innlendri hefð en sker sig jafnframt úr sem mjög meðvitaður hönnunargripur með sterk höfundareinkenningu, sem ná bæði til hússins sjálfs, innréttinga, húsmuna og umhverfis. Laxabakki er síðasti hlekkurinn í óslitinni ellefuhundruð ára byggingarsögu íslenska torfbæjarins og baðstofan þar er síðasta íslenska baðstofan sem er rétt smíðuð samkvæmt aldagamalli hefð. Byggingin er einnig í samræðu við ýmsar hræringar í samtíma-byggingarlist og hönnun, m. a. eru allar innréttingar og húsgögn

sérhönnuð og smíðuð fyrir húsið. Handverk, allt frá veggjahleðslu, trésmíði, útskurði (gerður af Ríkharði Jónssyni myndhöggvara), húsgagnasmíði, innréttingum og málningarvinnu hervottumafaragleg vinnubrögð.

Mjög hefur hallað á ógæfuhlið staðarins síðustu ár vegna mikillar vanrækslu og viðhaldsskorts en í ljósi sátta sem náðust nýlega er uppbygging hafin af fullum krafti og stendur til að reisa húsið í sinni upprunalegu mynd. Íslenski bærinn, ásamt hópi áhugamanna um varðveislu þessara einstöku húsa og uppbyggingu staðarins hefur um all langt skeið haft það markmið að gera Laxabakka að friðlandi, vin, dvalarstað og sýningarvettvangi þar sem náttúru- og menningarvernd, skapandi hugsun og vistmenning verður höfð í fyrirrúmi.



## Fyrsti fundur með nýjum sveitastjóra

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fundaði í fyrsta skipti í síðustu viku með nýjum sveitarstjóra, Iðu Marsibil Jónsdóttur.

Iða hefur nýtt tímann vel frá því hún hóf störf í lok júlí við að setja sig inn í starfið en það leggst vel í hana, enda mikið af spennandi verkefnum framundan.

Ýmis mál voru til afgreiðslu á fundinum, meðal annars var samþykkt að skipa í starfshóp um innleiðingu hringrásar-

hagkerfisins í sveitarfélaginu. Mun sá hópur hittast reglulega og skoða lausnir og móta stefnu varðandi losun úrgangs í samhengi við lagabreytingu í málaflokknum sem samþykkt var á Alþingi um mitt síðasta ár. Starfshópurinn er skipaður til eins árs. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur verið framarlega hvað varðar flokkun úrgangs og ætlunin er að halda áfram að vera til fyrirmyndar á þeirri braut.

## Vosbúð styrkir HSU

Vosbúð nytjamarkaður færði Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum nýverið peningagjöf að upphæð 200.000 kr.

Peningunum mun verða varið í búnað fyrir stofnunina í Vestmannaeyjum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Vosbúð gefur til stofnunarinnar og eru forsvarsmönnum nytjamarkaðarins færðar innilegustu



þakkir fyrir gjöfina og þann góða hug sem að baki býr.

Fáðu  
fagmann  
í verkið



**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

Komdu í kaffi  
og kíktu á sólpallinn!



**Bókakaffið** AUSTURVEGI 22, SELFOSSI







Hafðu samband og fáðu tilboð í  
auglýsingar í blaðið og á vefinn.  
Sími 482 1944 - [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)

## HESTADAGAR Á SELFOSSI 19. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER



Skannaðu QR kóðann  
til að skoða vörur  
á 30% afslætti

Aukið úrval hestavöru í verslun okkar á Selfossi.

ALLAR hestavörur í verslun á

**20% afslætti**

Hestavara dagsins á

**30% afslætti**

Ný vara daglega,  
skannaðu QR kóðann og  
skoðaðu afsláttardagatalið á

[www.fodurblandan.is](http://www.fodurblandan.is)

\*Afsláttur gildir einungis í verslun Fódurblandunnar á Selfossi



FÓÐURBLANDAN

[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
[fodur@fodur.is](mailto:fodur@fodur.is)

FB Reykjavík  
Kornagarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvalsóllur  
Dufþaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND

## KJÖTSÚPUHÁTÍÐ

HVOLSVELLI 25. - 28. ÁGÚST.



### FIMMTUDAGUR:

17:00 SILENT DISKÓ Á MIDGARD  
FYRIR YNGRI KYNSLÓÐINA  
20:00 PÉTUR JÓHANN Í HVOLNUM

### FÖSTUDAGUR

19:00 HIÐ EINA SANNA SÚPURÖLT  
23:00 TRÚBADOR Á VALHALLA

### LAUGARDAGUR

10:00 NAFLAHLAUPID VIÐ MIDGARD  
12:00 MARKAÐUR OPNAR  
12:30 SÚPA FRÁ SS

13:00 BARNASKEMMTUN Á HÁTÍÐARSVÆÐI  
BMX BROS - HOPPUKASTALAR, LOFTBOLTI.IS  
VATNABOLTALEIKURINN OG MARGT FLEIRA

16:00 SUÐURLANDSDJAZZ Í SVEITABÚÐINNI UNU

20:00 STÓRTÓNLEIKAR Á HÁTÍÐARSVÆÐINU  
22:15 BRENNNA OG FLUGELDASÝNING  
22:30 STEMNING Í TJALDINU, TRÚBADOR OG FLEIRA  
23:00 DANSLEIKUR Í HVOLNUM

### SUNNUDAGUR

11:00 GANGA UM HVOLSVÖLL MED ÍSÓLFÍ GYLFA  
12:00 LEIKHÓPURINN LÖTTA



## Að byggja dómkirkju eða raða múrsteinum

Fyrirsögn þessarar greinar  
eru mismunandi svör  
tveggja verkamanna við sömu  
spurningunni. Manna sem voru  
að vinna sama starf við sömu  
framkvæmd. Annar raðaði múr-  
steinum á sínum þröng bás á  
meðan var hinn að byggja dóm-  
kirkju.

Viðhorf okkar hafa afger-  
andi áhrif á með hvað hætti við  
göngum til verka og hvaða ár-  
angri við náum.

Sveitarfélagið Árborg þarf  
að ná árangri. Verkefnið sem  
við stöndum frammi fyrir eru  
mörg, þau eru krefjandi, spenn-  
andi og mikilvæg. Viðbrögð við  
fjárhagsstöðu sveitarfélagsins,  
fjárförf og fjárhagsáætlunargerð  
verða þó án efa mikilvægustu  
verkefni haustsins.

Við þá mikilvægu vinnu er  
hættan sú að farið verði á fulla  
ferð í að „raða múrsteinum“. Kunnuglegur tónn byrjar enn  
á ný; niðurskurður um þetta  
mörg prósent á þessu sviði og  
þetta mörg prósent á hinu sviði-  
inu. Þetta mikla hækkun á fjár-  
veitingum til þessa málaflokks  
og um þessa prósentuhækkun á  
þennan málaflokk. Svo er það  
gamlá góða leiðin, flatur niðurs-  
kurður, jafnt á alla. Allir á fullu  
að verja sitt, að passa sinn múr-  
stein.

Nú er lag að breyta til,  
horfum á dómkirkjuna, horfum  
á stóru myndina.

Nýtum haustið til að vera  
skapandi, já meira að segja við  
fjárhagsáætlunargerð og við  
krefjandi aðstæður. Stöldrúm  
við og endurhugsun. Finnum  
nýjar leiðir, opnum á ný tækifæri og einföldum. Köllum eftir  
hugmyndum og vinnum með  
hugmyndir. Einföldum stjórn-  
sýsluna og gerum hana aðgengi-  
legri og skilvirkari. Tökum upp  
vandaða og heildstæða stafræna  
stjórnsýslu. Þannig bætum við  
m.a. aðgengi að upplýsingum  
og samskipti stjórnsýslunnar við  
íbúa sveitarfélagsins. Stafræn  
stjórnsýsla bætir starfsaðstæð-  
ur, opnar á sveigjanleika fyrir  
starfsfólk og eykur hagkvæmni  
í rekstri.

Treystum starfsfólki fyrir  
verkefnum og aukinni ábyrgð  
í stað þess að horfa á stimpil-



Guðmundur Ármann Pétursson

klukku og trúa því að starfs-  
maður geti aðeins unnið ef hann  
er við sitt skrifborð á sinni skrif-  
stofu.

Verum óhrædd við skoða  
og leggja mat á það sem er og  
hefur verið. Er t.d. tímabært  
að sveitarfélagið sjái um og  
beri sjálf ábyrgð á þjónustu við  
fatlað fólk í Árborg eða viljum  
við áfram vera í byggðasamlagi  
13 sveitarfélaga? Er það ófrá-  
vikanleg staðreynd að sveit-  
arfélagið eigi að byggja skóla-  
húsnæði og hafa kennara á  
launaskrá? Getum við einfaldað  
og haldið okkur við að það  
sé sveitarfélagsins að tryggja  
börnum og unglingum framúr-  
skarandi góða kennslu við bestu  
aðstæður? Ef við nálgumst verk-  
efnið á þeim forsendum opnast  
tækifæri og nýir möguleikar.

Höfum það hugfast að það  
er hlutverk sveitarfélagsins að  
tryggja að þjónusta sé veitt,  
ekki nauðsynlega að veita  
þjónustuna.

Það er með þetta verkefnið  
eins og dómkirkjuna, breyting-  
in verður ekki frekar en bygg-  
ingin til á einni haustnótt. En ef  
markmiðin og stóra myndin eru  
okkur skýr þá mun þeim fækka  
sem raða múrsteinum og þeim  
fjölgja sem byggja dómkirkju í  
sveitarfélaginu Árborg

Höfundur á stóru myndina,  
verum skapandi og óhrædd við  
að gera breytingar.

Höfundur er varabæjarfulltrúi  
Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Tímabundið  
tilboð til  
4. september

**35%**  
**afsláttur af**  
**gagnvaririnni furu**

Sparaðu  
tíma

**50% afsláttur af**  
**jarðvegsskrúfum**  
**30% afsláttur af leigu\***

\* Rafmagnsverkfæri, jarðvinnuvélar og fleiri tæki fyrir  
pallavinnu ef þú leigir í viku eða lengur.



Skannaðu kóðann og  
skoðaðu tilboðin á [byko.is](https://byko.is)

SAMAN Í  
60 ÁR

**BYKO**



# Auglýst eftir umsóknum í Menningarsjóð Rangárþings eystra

Rangárþing eystra auglýsir eftir umsóknum í Menningarsjóð Rangárþings eystra fyrir haustúthlutun 2022 sbr. reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Styrkuppþæðin er samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Umsækjendur um styrk úr Menningarsjóði Rangárþings eystra geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningu í sveitarfélaginu. Umsækjendur með lögheimili í Rangárþingi eystra geta einnig sótt um styrk þó verkefnið fari fram utan sveitarfélagsins.

- Með umsókninni verður að fylgja:**
- Lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímaramma.
  - Kostnaðaráætlun.
  - Tilskilin leyfi fyrir framkvæmdinni, ef við á.
  - Upplýsingar um umsóknaraðila.



Ekki eru veittir ferðastyrkir eða rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrkir.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra tekur ákvörðun um úthlutun styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum að fengnu álitni menningarnefndar Rangárþings eystra.

Umsóknum á að skila á eyðublaði sem finna má á <https://www.hvolsvollur.is/is/mannlif/menning/menningarsjodur-rangarthings-eystra>

Umsóknarfrestur er til 11. september 2022.

## Ragnheiðarganga í Skálholti

Klukkan 18:00 í dag verður fent til Ragnheiðargöngu í Skálholti.

Friðrik Erlingsson rithöfundur leiðir gönguna en hann er einn helsti sérfræðing landsins í sögu Ragnheiðar. Friðrik skrifði einmitt handrit að óperunni Ragnheiði sem frumflutt var í Skálholtskirkju á sínum tíma.

Gangan hefst við Skálholtskirkju kl 18:00, og tekur um 1-2 klst. Gengið verður um fornleifasvæðið við kirkjuna, en þar má sjá móta fyrir þeim hýbýlum sem voru í Skálholti á tímum Brynjólfs Biskups og fjölskyldu. Farið verður inn í Skálholtskirkju þar sem sögð verður hin harmræna saga Ragnheiðar. Skoðaðir verða helstu staðir tengdir ævi Ragnheiðar og fólksins hennar. Þar

á meðal verður komið við hjá minningarmarki Ragnheiðar og fjölskyldu sem Skálholtsfélag hið nýja kom upp fyrir fáeinum árum. Hægt er að kaupa veitingar á Veitingastaðnum

Hvönn í Skálholti fyrir eða eftir gönguna. Ókeypiss er í gönguna. Verið öll velkomin

Nánari upplýsingar á [skalholt.is](https://skalholt.is)



## Hafið er svart

Sýningin ber nafnið „HAFIÐ ER SVART“.

Myndaröðin var valin besta myndaröðin í ljósmyndakeppni Morgunblaðsins og 200 Mílna og birtist í heilu lagi í Morgunblaðinu

Myndaröðin eru ljósmyndir sem ég hef tekið á ferli mínum sem sjómaður. Verkin leyfa ykkur að skyngnað inn í falin heim sjómanna við Íslandsstrendur þar sem þeir berjast við náttúruöflin uppá hvern einasta dag fyrir land og þjóð

Sýningin er staðsett í Listagjánni í Bókasafni Árborgar og

verður til sýnis fram að 18. september næstkomandi

Verkin eru í hágæða innrömun með speglalaus gleri og verða til sölu með uppboðsfyrirkomulagi og lágmarksboð er 25.000 á ljósmynd og þær afhendast í lok sýningarinnar.

Allur ágóði sýningarinnar rennur óskiptur til Kvenfélagsins Hringursins

Hringurinn er kvenfélag, sem er stofnað árið 1904. Félagið hefur að markmiði að vinna að líkna- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna og er helsti styrktaraðili Barnaspítala

Hringsins.

Endilega látið sjá ykkur og þeir sem hafa áhuga á að styrkja gott málefni og fá glæsilegar ljósmyndir í staðinn geta sent sitt boð á [aegirgunnarsson@gmail.com](mailto:aegirgunnarsson@gmail.com) þar sem boðið verður skrásett og í framhaldi af því verkin afhend eftir sýninguna til hæst bjóðanda.

Ægir Óskar Gunnarsson Vélstjóri á Hrafn Sveinbjarnarson Gk-255



Ég þakka Andreu Rafnar fyrir að tilnefna mig í Sunnleska matgæðinginn.



Þegar við fjölskyldan bjuggum í Portland, Oregon í Bandaríkjunum lærðum við að borða egg og grænmeti í morgunmat. Þar var ég með hænur í kofa og grænmetisgarð, rétt eins og núna á Helgastöðum.

Hrærð egg með léttsteiktu grænmeti er mjög vinsæll morgunmatur á mínu heimili. Uppskriftina aðlaga ég að því sem til er af grænmeti. Eigi ég afgang (kartöflur eða annað grænmeti) frá deginum áður steiki ég það iðulega með.

**Góð klípa af smjöri**

1/2 laukur  
1 paprika  
250 gr kirsuberja tómatar  
grænkál eftir smekk  
1 jalapeno eða svipaður sterkur chili (má nota minna eða sleppa alveg)  
1/2 tsk salt

Skerið lauk, papriku og grænkál í strimla. Saxið chili smátt. Svissið laukinn í smjöri á pönnu yfir meðalhita þar til hann mýkist og bæti þá við papriku og chili og steikið áfram í 3-4 mínútur. Bætið tómötum og grænkáli á pönnuna og saltið. Látið malla undir loki í 2 mín. Færið yfir á disk og haldið heitu á meðan

**Ólöf Kristjánsdóttir**  
er matgæðingurinn þessa viku

Þannan er notuð til að steikja egginn.

Góð klípa af smjöri  
8 egg, létt hrærð saman í skál eða í blandara  
u.þ.b. 50 gr rifinn parmesan ostur  
salt og pipar

Bræðið smjör á heitri pönnu og hellið hrærðum eggjum á pönnuna. Lækkið hitann í lágan straum. Galdurinn við góð egg er að hafa hitann ekki of mikinn og hræra í jafnóðum með píski. Slökkvið svo á hitanum en hafið pönnuna enn á hellunni þegar egginn eru rúmlega hálf elduð og bætið þá við parmesan, salti og pipar og haldið áfram að hræra þar til egginn eru elduð en enn mjúk.

Berið strax fram, hvort fyrir sig eða skammtið á diska fyrir hvern og einn.

Ég skora á vinkonu mína Önnu Láru Jóhannesdóttur í Syðra Langholti því ég veit að hún lumar á góðum uppskriftum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Skákkennsla grunnskólakrakka

Laugardaginn 3. sept. nk. kl. 10:00 hefst skáknámsskeið fyrir grunnskólabörn á aldrinum 10 – 16 ára í Fischeretri. Skákkfélag Selfoss og nágrennis mun sjá um námsskeiðið og mun alþjóðlegi skákmeistarinn Davíð Kjartansson sjá um kennsluna. Þetta verða 10 skipti eða einu sinni í viku og þá á laugardögum

frá 10:00 – 11:30 og kostar allt námsskeiðið 10,000 kr.

Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 868-2285 eða sendið tölvupóst á [netfangið.ari.bjorn98@gmail.com](mailto:netfangið.ari.bjorn98@gmail.com).

Fischeretrið á Selfossi.



Frá skáknámsskeiði í Fischeretri haustið 2021. Þarna eigast við þeir Grímur C. Ólafsson og Kristján Kári Ólafsson.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,  
Eyravegi 25, 800 Selfoss,  
sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [www.dfs.is](http://www.dfs.is).

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,  
sími 856 0656, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Auglýsingadeild: Sími 482 1944,  
[auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.  
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Bjó í Dölum seggur sá,  
súr í fötu mörgum hjá.  
Settu hérna endur inn,  
alveg sagður tómur minn





## Fáðu tilboð í þínar tryggingar

Það er auðvelt á **vordur.is**





Elsku eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurbergur Guðnason**  
Úthaga 15, Selfossi,  
andaðist 6. ágúst 2022 á  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands.



Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.  
Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar  
Suðurlands.

Elín Lilja Árnadóttir  
Guðný Ósk Sigurbergsdóttir Arnlaugur Bergsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [f/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

## Endurhæfing Krabbameinsfélags Árnessýslu.



Endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda tekur til andlegra, líkamlegra og félagslegra þátta. Innihald endurhæfingarinnar er hreyfing, slökun, fræðsla, iðja, sálrænn stuðningur og samverur.

Endurhæfingin, sem er jafnt fyrir þá sem eru í meðferð og þá sem hafa lokið meðferð, fer fram þrisvar sinnum í viku og er lagt upp með sjö vikna prógramm.

Unnið er að einstaklingsmiðuðum markmiðum í öflugum hópi.

Utanumhald endurhæfingarinnar er í höndum Margrétar Steinunnar kennara og sálsgæti. Berglind Elíasdóttir íþrótt- og heilsufræðingur sér um hreyfinguna, ýmsir fagaðilar koma að fræðslunni og áhugafólk og listamenn leiða margskonar iðju.

Næsta sjö vikna prógramm hefst  
**5. september 2022.**

Skráning og frekari upplýsingar eru hjá Margréti á netfanginu [msg14@hi.is](mailto:msg14@hi.is) eða hjá Svanhildi í síma 892 3171 eftir kl.16:00 á daginn.

**Krabbameinsfélag Árnessýslu**

## Hestaping Kóps og Sindra við Pétursey

Sameiginlegt Hestaping Hestamannafélaganna Kóps og Sindra verður haldið síðustu helgina í ágúst á Sindravelli við Pétursey. Hvort mótið verður 1 eða 2 dagar fer eftir skráningu.

Mótið er opið. Keppt verður í eftirfarandi ef næg þátttaka næst: Polla-, barna-, unglinga- og ungmennaflokkir og A- og B-flokkir gæðinga. Tölta T3 Stjórnumblikkstölta og T7, 100 m flugskeiði, 150 m skeiði, 300 m brokki og 300 m stökki ef næg þátttaka fæst. Það eru peninga-verðlaun í tölta. Stjórnumblikk styrkir T3.

Skráningargjöld í ungmennaflokk, A-flokk og B-flokk er kr. 4.000.- Í barna og unglinga

1000.- Í tölta er skráningargjöldið 5000.- Engin skráningargjöld eru í pollaflokk og kappreiðum.

Skráning er á [www.sportfengur.com](http://www.sportfengur.com)



## Sannkölluð söngveisla í Bókakaffinu

Laugardaginn 27. ágúst kl. 17:00 verða aðrir tónleikarnir í tónleikaröðinni Gramsað í gömlum nótum í Bókakaffinu á Selfossi. Söngvararnir Halla Marinósdóttir, mezzosópran og Birgir Stefánsson, tenór munu þar syngja lög upp úr nótum sem Bókakaffinu hafa áskotnast í gegnum tíðina. Einar Bjartur Einarsson leikur með þeim á píanó. Lögin sem flutt verða koma úr ýmsum áttum heyrna má íslensk lög eftir Eyþór Stefánsson, Sigvalda Kaldalóns og Árna Thorsteinsson. Þá syngur Halla lög úr Disney-myndunum um Öskubusku og Gosa og Birgir mun syngja ariú úr óperunni Martha eftir Firederich von Flotow. Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld og bóksali

kynnir verkin og fjallar um nóturnar sem sungið er úr. Óhætt er að fullyrða að þetta verði sannkölluð söngveisla. Tónleikarnir eru styrktir af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Aðgangur er

ókeypis. Húsfyllir var á fyrri tónleikum þessarar tónleikaraðar. Þannig að ef fólk vill tryggja sér sæti er hægt að senda póst á [bokakaffid@bokakaffid.is](mailto:bokakaffid@bokakaffid.is) eða panta sæti í síma 482-3079.



## Valborgarveisla

Fimmtudaginn 11. ágúst var blásið til opnunarteytis að Austurmörk 4 þegar fasteignasölnurnar Valborg og Fagvís sameinuðust undir nafni Valborgar. Að baki Valborgu standa þau

Gunnar Biering, Kristín Rós Magnadóttir og Elínborg María Ólafsdóttir. „Við teljum að rúmlega 200 manns hafi heimsótt okkur þetta kvöld! Geir, nýji bæjarstjórninn, heimsótti okkur

ásamt frú forseta bæjarstjórnar og frú formanni bæjarráðs, fyrir utan alla frábæru heimamenn, vini og vandamenn,“ segir Gunnar léttur í bragði.







# Mótum framtíðina saman

## Opinn samráðsfundur um stöðu mannréttinda á Selfossi

Forsætisráðherra býður til opins samráðsfundar á **Hótel Selfossi** **mánudaginn 29. ágúst** kl. 16:00-17:30 vegna vinnu við Grænbók um mannréttindi. Á fundinum verður fjallað um stöðu mannréttinda á Íslandi, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara.

Öll eru velkomin. **Skráning fer fram á [www.stjornarradid.is/mannrettindafundur](http://www.stjornarradid.is/mannrettindafundur).** Hægt er að fara inn á síðuna með því að skanna QR-kóðann í vinstra horni auglýsingarinnar.

*Gott aðgengi fyrir hjólastóla. Táknmálstúlkun stendur til boða sé þess óskað.*

### Dagskrá

16:00-17:30

**Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra  
**Opnunarávarp**

**Dr. Kári Hólmar Ragnarsson**, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands  
**Hvað eru mannréttindi?**

**Unnur Helga Óttarsdóttir**, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.  
**Örerið um mannréttindi**

16:30-17:30

### Umræður

Fundargestum er skipt upp í umræðuhópa sem fjalla um einstök viðfangsefni. Hver hópur kynnis niðurstöður sínar stuttlega í lok fundar.

Fundarstjóri er **Hildur Jónsdóttir**, verkefnastjóri Sigurhæða

*Boðið verður upp á hressingu á fundinum.*



Skannaðu inn  
QR kóðann til  
að skrá þig.

| **Stjórnarráð Íslands**  
Forsætisráðuneytið



## Viltu vinna í skólaeldhúsi?

Við hjá Sveitarfélaginu Ölfusi leitum að starfsfólki, um er að ræða 3 stöður í skólaeldhúsi þar sem er eld-aður og framreiddur matur fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

### Aðstoðarmatráður

**Staða 1:** Um er að ræða 62,5% stöðu þar sem vinnutíminn er frá 9-13:30 og er unnið eftir starfsáætlun leikskólans.

**Staða 2:** Um er að ræða 67,91% stöðu þar sem vinnutíminn er frá 8-14. Hér er að hluta til unnið miðað við skóladagatal grunnskólans og er því um launadreifingu að ræða yfir árið.

### Meginverkefni starfanna eru:

- Aðstoð við matargerð
- Framreiðsla á mat
- Frágangur og þrif

### Aðstoð í eldhúsi

**Staða 3:** Um er að ræða 55,56% stöðu þar sem vinnutíminn er frá 12-16 og er unnið eftir starfsáætlun leikskólans.

### Meginverkefni starfsins eru:

- Framreiðsla á mat
- Undirbúningur og vinna við kaffitíma leikskólans
- Frágangur og þrif

Við leitum að jákvæðu og duglegu fólki í framtíðar-störf.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla af starfi í eldhúsi er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi, snyrtimennska og jákvætt viðhorf

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og FOSS. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við hvetjum einstaklinga til að sækja um störfín óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk. Umsóknir skulu berast rafrænt á [www.olfus.is](http://www.olfus.is)

**Nánari upplýsingar** um störfín veita Róbert Þór Gunnarsson matreiðslumaður [robertg@olfus.is](mailto:robertg@olfus.is) og Guðni Pétursson sviðsstjóri [gudni@olfus.is](mailto:gudni@olfus.is)

# Afl þeirra hluta sem gera skal

Guðni Ágústsson, fyrrum þingmaður Suðurlands og landbúnaðarráðgjafi Framsóknarflokksins, lagði fram í grein hér í Dagskránni þann 18. ágúst stl. nokkrar spurningar um framtaksleysi Rangæinga varðandi Sögusetur, Njálssögu ofl. Nú get ég að sumu leyti veitt honum svör varðandi stöðu Sögusets, eins og hún er í dag, en staðreyndin er sú að ábyrgðin liggur að einu og öllu leyti hjá flokkssystkinum hans, sem höfðu meirihluta í sveitarstjórn Rangárþings eystra síðustu tvö og hálf kjörtímabil. Það er því styttra fyrir hann að leita skýringa en að birta opinbera fyrirspurn sem beint er til allra Rangæinga.

### Sögusetrið á Hvolsvelli.

Undirritaður sendi á sínum tíma ítrekað inn greinargerðir og tillögur að endurnýjun sýningarinnar í Sögusetinu á Hvolsvelli, án árangurs. Og ég veit að ég var ekki einn um að tala máli Sögusets fyrir daufum eyrum flokkssystkina Guðna. Þó fékk ég fyrst viðbrögð þegar ég lagði til að hinu svokallaða Kaupfélagssafni, sem tekur stóran hluta af húsnæði Sögusets, skyldi pakkað saman og sett í geymslur eða komið fyrir annars staðar, því þau salarkynni mætti nýta á mun betri hátt, einmitt fyrir Njálssögu og sýningu henni tengdri. Þá reis Framsókn upp á afturlappirnar af svo miklu afli að aðsóknin að Kaupfélagssafninu jókst snögglega um 50%. Það komu sumsé tveir Selfyssingar og greiddu aðgöngumiða. Saga Kaupfélaganna er merk og mikilvæg í okkar þjóðarsögu, en yngri kynslóðir þekkja ekki þá sögu, svo til þess að gera þessum tíma skil á sýningu, svo gestir geti uppfærðast um fyrirbærið Kaupfélag, þarf meira en að stilla upp myndum og landbúnaðartólum í einu húsi á Hvolsvelli. Sæmast væri að Kaupfélag Skagfirðinga tæki safnið að sér og kostaði stóra og vandaða sýningu, jafnvel sýndarveruleikasýningu, eða fjármagnaði gerð vandaðrar heimildapáttaraðar um sögu kaupfélaganna. Eins og Guðni hlýtur að vita, þá eru peningar afl þeirra hluta sem gera skal, en Sögusetrið hefur ekki notið fjármagns sem skyldi í gegnum tíðina. Ekki dettur mér til hugar að forsmá hina stórfenglegu hamborgara sem nú eru framreiddir í húsnæði Sögusets; ekki hefði Gunnar á Hlíðar-enda fúlstað við svo hraustlegri máltíð, hvað þá Hallgerður, en hinu neita ég ekki að ég hefði gjarnan viljað sjá endurnýjaðri Njálssýningu gerð betri skil. En nú er hvorki við veitingamanninn að sakast í þeim efnum, né heldur þá Rangæinga sem hafa látið sig málið varða, heldur, eins og fyrr var nefnt: flokkssystkini Guðna sjálfs.

### Sæmundarstofa í Odda.

Guðni nefnir einnig Odda og nefnir framtíðarsýn sína fyrir hönd þess merka sögustaðar. Það er gaman að geta upplýst Guðna um það, hafi hann ekki vitað það áður, að Odda-félagið hefur frá stofnun, eða í rúm þrjátíu ár, haft efst á sinni stefnuskrá að reist skuli Sæmundarstofa í Odda; fræðasetur með sýningum, bókasafni og þjónustu, og á síðustu árum hefur þessi hugmynd verið þróuð áfram að því marki að Sæmundarstofa verði fræðasetur annars vegar og ný Odda-kirkja hins vegar, sem taki um 400 manns í sæti, sérhönnuð til tónlistarflutnings. Odda-félagið hefur látið vinna þessar hugmyndir í tillöguform, í samvinnu við Sigríði Sigþórsdóttur hjá Basalt arkitektum, og vonandi tekst að kynna tillögurnar á þessu ári. Svo Guðni þarf ekki að óttast neitt um framtíð Oddastaðar né minningu Oddaverja í Rangárþingi. En - peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal. Odda-félagið hefur lagt sig fram um að kynna þetta metnaðarfulla verkefni fyrir sveitarstjórnunum þremur í Rangárþingi, Þjóðkirkjunni, ráðherrum og fleiri aðilum, með það í huga að afla fjár til verksins. Gott væri ef Guðni legði lóð sitt á þær vogarskálar, svo vel tengdur sem hann er inn í innsta hring. En það er hárrétt athugasemd hjá Guðna að það ætti að vera sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna, Ása-hrepps, Rangárþings ytra og eystra, að lyfta úr mold hinni sögustóru fold í Odda, hinu merka höfuðbóli Suðurlands sem lék svo risastórt hlutverk í þjóðar- og menningarsögunni og fósturði þar að auki Snorra Sturluson og kom honum til manns. Oddi ætti skilyrðislaust að vera skilgreindur sem Þjóðmenningarstaður og fá að njóta þeirrar stöðu sinnar með reglulegum fjárframlögum.

### Njálurefill.

Ég er ekki vel að mér um stöðuna á Njálureflinum, því mikla og merka listaverki rangæskra kvenna, en þó hef ég heyrt að til standi að endurhanna fyrrum veitingaastöðu Lava-seturs sem sérútbúinn sýningarsal fyrir Njálurefillinn. Ríkisstjórnin veitti 25 milljóna styrk til þessa verkefnis á síðasta ári. Enn og aftur eru peningarnir afl þeirra hluta sem gera skal, og hér þarf áreiðanlega að bæta um betur svo refillinn fái sem fyrst það rými og þá athygli sem hann á fyllilega skilda.

### Reiðleiðir og skáldskapur í Njálu.

Því miður er ég ekki hestamaður, en þekki þá nokkra, og m.a. einn sem er sérdeilis vel að sér um reiðleiðir í Rangárþingi og sérstaklega þær sem lýst er í Njálu. Við ræddum fyrir



Friðrik Erlingsson

skömmu reiðleið Höskuldur Njálssonar, sem sagður er hafa riðið dag hvern frá Bergþórshvoli að búi sínu Holti, sem talið er að hafi staðið einhvers staðar suður af Þríhyrningi. Minn ágæti vinur og hestamaður fullrykti að það stæðist ekki, því reiðin tæki allan daginn og fram á kvöld. Svo ekki reið Höskuldur daglega fram og til baka, jafnvel þótt svo sé fullrytt í Njálu, en það verður sannarlega spennandi að fylgjast með reið hinna 99 reiðmanna sem ætla að fara Flosareid frá Þríhyrningi að Bergþórshvoli næsta sumar. Brennu-Njálssaga er að sjálfsögu skáldsaga, að því marki að helstu persónur hennar lúta mörg þúsund ára lögmálum frásagnarlistarinnar, þá sérstaklega lögmálum harmleiksins, líkt og hinar fornu konungasögur Persa, Shahnameh, sem ritaðar voru af skáldinu Firdausi Toosi í upphafi 11. aldar. Að baki skrásetningu Njálu er án efa munnleg geymd sagnakarla og -kvenna, sem hafa ferðast á milli höfuðbóla og flutt sagnabætti og kvæði fyrir borgun – því peningar eru jú afl þeirra hluta sem gera skal – jafnvel ómerkilegt sagnafólk þarf sitt bein að naga; þetta sagnafólk hefur mótað söguþráð sagnabáttanna eftir viðtökum áheyrenda í gegnum tíðina, fínþússað efnið og slípað það til. Þegar rittækni og þekking á bókagerð var komin til þroska hér á landi, verða þessi sagnabættir uppistaða höfundar í héraðssögu Rangæinga: Njálssögu. Hvernig hann lagaði efnið í höndum sér getum við ekki vitað, en hann hefur skilað okkur lifandi dýrgrip þar sem heyra má þjóðarhartað slá. Tæplega hefur höfundur Njálu gert ráð fyrir að saga hans yrði enn lesin og dáð rúmum 700 árum eftir að hann setti punktinn. Og ég óska þess, eins og Guðni, að þessu mikla verki og hinni merku sögu Oddaverja á miðöldum verði gerð skil með sómasamlegum hætti áður en bein okkar sem nú lifum verða orðin að dufti og ösku. En til þess að svo megi verða þurfum við að hafa það á hreinu að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal.

Sími 482 1944 selfoss@prentmetoddi.is  
prentmetoddi.is Eyravegur 25, Selfoss







# AUSTURHÓLAR 8, SELFOSSI FULLBÚNAR ÍBÚÐIR



**Nýtt og fallegt fjölbýlishús á góðum stað. Afhendingartími 15. okt. nk.**

Húsið er með 35 íbúðum og eru tvær íbúðir óseldar.

**Íbúð 401 stærð 101,5 fm verð 57,6 mill.**

**Íbúð 501 stærð 101,5 fm verð 58,7 mill.**

Íbúðirnar eru í suðurenda á fjórðu og fimmtu hæð og með góðu útsýni. Þær skilast fullbúnar og að auki með uppþvottavél og ísskáp. Innra skipulag: Forstofa, gangur, tvö svefnherbergi, eldhús og stofa í opnu rými, baðherbergi, þvottahús/geymsla. Hjóla- og vagnageymsla í sameign. Hægt er að bæta við þriðja herberginu á kostnað stofu.



**Snorri Sigurfinnsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 864 8090  
snorri@husfasteign.is



**Loftur Erlingsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 9565  
loftur@husfasteign.is



**Hafsteinn Þorvaldsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 891 8891  
hafsteinn@husfasteign.is

HÚS FASTEIGNASALA | HUSFASTEIGN.IS | AUSTURVEGI 26, SELFOSSI | S. 497 1155

# KRÓNAN

## Hæ Suðurland!

## Ert þú með hugmynd?

### Krónan á Suðurlandi auglýsir eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna Krónunnar. Stefna Krónunnar er að styrkja verkefni sem hvetja til hreyfingu og hollustu barna og/eða uppbyggingu í samfélaginu t.d. á sviði menningar og lista eða menntunar.

Til að sækja um  
þarf að fara inn á:  
**kronan.is/styrkir**  
Umsóknarfrestur er til  
31. ágúst 2022





## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

## !!ÁHRIFARÍK HÁLKUVÖRN!!

Fyrir flísar og náttúrustein

Golvörn AB er sænskt þjónustufyrirtæki með íslenskar rætur sem starfar í skandinavíu og á Íslandi. Við bjóðum hákluvörn fyrir flísar náttúrustein og steingólf sem hefur verið þrautreynd í skandinavíu með einstaklega góðum árangri! Góð ending.

Hentar fyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum.

**!Frí prufa og fast tilboð í allan frágang!**



Allar upplýsingar:

Árni F. Jóhannesson

arni@golvvorn.se

Sími 897 4693



## ÞJÁLFARI ÓSKAST

við Íþróttaskóla fimleikadeildar Selfoss

Fimleikadeild Selfoss leitar eftir að ráða þjálfara við íþróttaskóla deildarinnar.

Um er að ræða skipulagningu Íþróttaskólans ásamt vinnu við hann annan hvern sunnudagsmorgun, 6 skipti á haustönn 2022 og 6 skipti á vorönn 2023. Þjálfarar íþróttaskólans eru tveir auk aðstoðarþjálfara.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Lágmarksaldur 20 ára.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði.
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á íþróttum og starfi með börnum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun september. Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið fimleikar@umfs.is.

### Umsóknarfrestur:

31. ágúst 2022

Tekið við umsóknum á:  
fimleikar@umfs.is



# Íþróttir

## Meistaraflokkarnir styðja við Ísak Eldjárn

**KNATTSPYRNA** Fyrir hönd meistaraflokka Selfoss í knattspyrnu færðu fyrirliðarnir þeir Gary Martin og Unnur Dóra, Stefáníu Þóru Jónsdóttir, móður Ísaks Eldjárns, gjöf frá liðunum nýlega.

Ísak Eldjárn Tómasson er ungur Selfyssingur sem háir nú baráttu við krabbamein. Krabbameinið sem sem um ræðir er sjaldgæft en um er að ræða eitilfrumukrabbamein en einungis 2-3% þeirra sem greinast með það greinast með þessa tilteknu tegund.

Ísak spilaði knattspyrnu upp alla yngri flokka Selfoss áður en hann skipti yfir til vina okkar í Árborg þar sem hann lék í meistaraflokk.

Í baráttu sem þessari eru fjárhagsáhyggjur það síðasta sem Ísak og hans fjölskylda á að þurfa að hugsa um. Ásamt áritaðri treyju frá öllum leikmönnum og þjálfurum meistaraflokkana styrktu liðin Ísak um 150.000 krónur.

Fyrir þá sem vilja leggja Ísaki og fjölskyldu lið



Mynd: UMFS/Knattspyrnudeild

í baráttunni látum við fylgja með reikningsupplýsingar. Reikningurinn er í nafni móður Ísaks, Stefáníu.

Bknr. 0370-22-048343  
kt. 160973-4129

## Bryndís tvíbætti Íslandsmet á héraðsmóti

**FRJÁLSAR** Héraðsmót HSK í frjálsíþróttum var haldið á Selfossvelli dagana 17. og 18. ágúst sl. og voru 56 keppendur frá sex félögum skráðir til leiks.

Selfyssingar höfðu mikla yfirburði í stigakeppni félaga og hlutu samtals 339 stig, sameignlegt lið Garps og Heklu varð í 2. sæti með 81 stig, Hrunamenn urðu í þriðja sæti með 30 stig, þá Þjótandi með 27 stig og Dímon hlaut 18 stig. Þá tóku tveir keppendur þátt frá FH sem gestir og voru því ekki með í stigakeppni félaga.

Í lok móts voru veitt sérverðlaun til stigahæstu keppenda mótsins. Stigahæst kvenna varð Ísold Assa Guðmundsdóttir Selfossi með 25 stig og stigahæsti karl varð Daníel Breki Elvarsson Selfossi með 26 stig. Hver keppandi gat tekið þátt í sex greinum til stiga og gefur fyrsta sætið sex stig, mest getur keppandi því fengið 36 stig.

Bryndís Embla Einarsdóttir Selfossi setti landsmet í spjót-kasti í 13 ára flokki með 600 gr. spjóti á mótinu, en hún tví-



bætti 10 ára gamalt met Höllu Maríu Magnúsdóttur. Bryndís kastaði fyrst 35,29 og svo 35,58 metra. Gamla metið var 33,63m. Þessi met eru að sjálfsögðu HSK met líka. Þessi árangur er einnig bætting á 42 ára gömlu HSK meti Hildar Harðardóttur í 14 ára flokki. Met Hildar var 34,02 metrar. Eitt HSK met til viðbótar var bætt á mótinu, en Ágústa Tryggvadóttir bætti 34 ára gamalt met Þórdísar Kristjánsdóttur í kúluvarpi í flokki 40-44 ára. Ágústa kastaði 4 kg kúlunni 10,43 metra, en gamla metið var 8,34 m.

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum fór fram samhliða héraðsmótinu og þar varð María Sigurjónsdóttir fjórfaldur HSK meistari í kastgreinum.

## Langþráður sigur!

**KNATTSPYRNA** Selfoss hafði betur gegn Þór/KA þegar liðin mættust í Bestu deildinni í þriðjudaginn 16. ágúst í frábæru veðri á Selfossi.

Leikurinn var ekki gamall þegar Selfyssingar tóku forystuna. Bergrós átti þá skot í átt að marki, boltinn endaði þó í löppum Brennu sem skor- aði af stuttu færi. Eftir markið datt inn rólegur kafli og fátt um

góð marktækifæri. Selfyssingar meira með boltann. 1-0 í hálfleik.

Gestirnir ógnuðu marki

Selfyssinga í upphafi

síðari hálfleiks. Sel-

fyssingar kláruðu

þó leikinn á 77.

mín. þegar Susanna

þrumaði boltanum í

netið.

Eftir sigurinn sigla

Selfyssingar lygnan sjó

um miðja deild en stutt er

í liðin fyrir ofan. Selfoss er í 6.

sæti með 18 stig.



## Grátlega nálægt magnaðri endurkomu

**KNATTSPYRNA** Selfoss tapaði gegn Fylki þegar liðin mættust í Lengjudeildinni fimmtudaginn síðastliðinn. Leikið var í Árbænum.

Það er vægt til orða tekið þegar sagt er að okkar menn hafi hreinlega ekki mætt til leiks. Fylkismenn voru með öll völd á vellinum í fyrri hálfleik og leiddu eftir hann 3-0.

Það var allt annað Selfoss lið sem mætti til leiks í síðari hálfleik. Eftir tvær mínútur í seinni var Gary Martin búin að minnka muninn með glæsilegu skoti inna teigs sem söng í þaknetinu. Stuttu síðar var það Valdimar sem minnkaði muninn enn frekar. Þór Llorens átti þá góða fyrirgjöf inn í teig heimamanna, Valdi réttur maður á réttum stað og kom boltanum í netið.

Fylkismenn náðu því miður að skora fjórða markið í leiknum sem reyndist sigurmark leiksins. Toki minnkaði muninn á nýjan leik í eitt mark í uppbótartíma. Selfyssingar sóttu látlaust að marki Fylkis síðustu sekúndurnar en fundu ekki jöfnunarmarkið. Lokatölur 4-3.



## Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 [www.prentmetoddi.is](http://www.prentmetoddi.is)



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límíðar



Bréfpokar

## Sviðsstjóri fasteignasviðs



Grundarheimilin óska eftir að ráða drifandi og framsýnan leiðtoga í starf sviðsstjóra fasteignasviðs. Hlutverk sviðsins er að meta ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfa, nauðsynlegra endurbóta en auk þess er þar starfandi trésmíðaverkstæði og garðyrkjustöð. Um fullt starf er að ræða með starfsstöð í Hveragerði.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum sviðsins
- Yfirumsjón með viðhalds-, breytinga- og endurbótaverkefnum
- Yfirumsjón með gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana
- Yfirsýn yfir verkefnastöðu og eftirfylgni með markmiðum
- Tryggja samræmt verklag sviðsins
- Leiðandi í umbótum, stefnumótun og markmiðasetningu
- Ábyrgð á innkaupum, samningagerð og útboðsmálum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni-, byggingafræði eða sambærileg menntun. Iðnmenntun er kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Góð þekking á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum
- Góð tölvukunnátta, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **29. ágúst 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Grundarheimilin samanstanda af þremur hjúkrunarheimilum og tengdum fyrirtækjum.

Hjúkrunarheimilin eru: Grund, við Hringbraut í Reykjavík, Mörk, við Suðurlandsbraut í Reykjavík og Dvalarheimilið Ás í Hveragerði.

Auk þessara heimila reka Grundarheimilin þvottahús í Hveragerði og íbúðarfélag með húsnæði fyrir 60 ára og eldri, en íbúðirnar eru staðsettar við hlið Markar hjúkrunarheimilis.


Íbúar Grundarheimilanna eru tæplega 400 og starfa þar u.þ.b. 700 starfsmenn. Íbúðir fyrir 60 ára og eldri eru rúmlega 150 talsins.

Nánari upplýsingar má finna á [www.grundarheimilin.is](http://www.grundarheimilin.is).

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir





## SVAR VIÐ BRÉFI HELGU

**Frumskýnd 2. september  
í Bíóhúsinu**

„Svar við bréfi Helgu“ er ný íslensk kvikmynd sem gerist í afskekktum firði á 5. áratug síðustu aldar. Þar verður Bjarni, hinn ungi bóndi, ástfanginn af Helgu á næsta bæ. Þau hefja ástríðufullt, forboðið ástarsamband og brátt fara tilfinningarnar að flæða jafn hömlulaust og hafið sem umkringir þau.

**Sýningatímar og miðasala  
á [www.biohusid.is](http://www.biohusid.is)**

**AÐALLEIKARAR:**  
Hera Hilmar, Aníta Briem, Björn Thors

**LEIKSTJÓRI:**  
Ása Helga Hjörleifsdóttir



Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri Sigurhæða



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

## Mannréttindi eru þitt mál

Á vegum forsætisráðuneytisins er nú unnið að gerð svo kallaðar Grænbókar um mannréttindi en hún er undanfari frekari stefnumótunar í málaflokknum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra boðar af þessu tilefni til opins samráðsfundar á Hótel Selfoss mánudaginn 29. ágúst nk. kl. 4. Sá fundur er hinn fyrsti í fundaröð forsætisráðherra um landið sem ætlað er að efnar til samræðu um stöðu mannréttindamála á Íslandi og sýn til framtíðar.

Grænbók er yfirlit yfir stöðu mannréttinda á Íslandi og í henni er safnað á einn stað upplýsingum um mannréttindi, þróun, tölfræði, samþætting við önnur lönd og samantekt um mismunandi leiðir til að mæta þeim áskorunum sem blasa við í mannréttindamálum, m.a. í tengslum við stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar. Slík stofnun er til dæmis forsenda þess að hægt sé að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### Viðtækt samráð

Verkefnaáætlanir og tímalína verkefnisins var í lok mars birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins þar sem kallað var eftir umsögnum. Hagsmunasamtök á sviði mannréttinda sendu inn umsagnir þar sem þessum áformum var einróma fagnað, en þessi samtök eru Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, UN Women á Íslandi, Rauði krossinn, Barnaheill, Öryrkjabandalag Íslands og Kvenréttindafélag Íslands. Í umsögnunum er ítrekað bent á að tryggja þurfi sjálfstæði fyrir

hugaðrar mannréttindastofnunar og nægjanlegt fjármagn svo hún geti sinnt verkefnum sínum með sóma, þ.m.t. ráðgjöf til einstaklinga, stofnana og félagsamtaka. Fundaröðin um landið er liður í þessu viðtæka samráði.

### Hvað eru mannréttindi?

Á fundinum á Selfossi mun forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, flytja ávarp. Auk hennar mun dr. Kári Hólmarr Ragnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, fjalla um spurninguna Hvað eru mannréttindi? Loks flytur Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Landsamtakanna Þroskahjálpar örerindi. Þá verður þátttakendum skipt í hópa til frekari umræðu um stöðu mannréttinda á Íslandi, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara. Fundarstjóri er Hildur Jónsdóttir, verkefnisstjóri Sigurhæða – þjónustu við þolendur kynbunds ofbeldis á Suðurlandi.

Gert er ráð fyrir að Grænbókin verði tilbúin á fyrstu mánuðum næsta árs og verður hún þá kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Í kjölfarið hefst vinna við frumvarp um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun. Eru vonir bundnar við að frumvarpsdrögin verði hægt að kynna á sama vettvangi þegar snemmsumars 2023 þar sem öllum gefst tækifæri til að koma skoðunum sínum að. Þess er svo vænt að hægt verði að leggja endanlegt frumvarp fram á Alþingi haustið 2023.

Öll eru velkomin, en þátttakendur eru beðnir að skrá sig á vef Stjórnarráðsins:

[www.stjornarradid.is/mannrettindafundur](http://www.stjornarradid.is/mannrettindafundur)

FRÍSTUNDAHEIMILI ÁRBORGAR

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

FRÍSTUNDALEIÐBEINENDUR  
HLUTASTARF Í HAUST

Á frístundaheimilum starfar þú  
með skemmtilegustu íbúum  
sveitarfélagsins!

Ert þú barngóður, jákvæður &  
ábyrgur einstaklingur?

Vinna sem hentar með skóla

30-50% starf

Haustið 2022

Virkir dagar

Vinnutími: 12:30-16:30

Skelltu þér inn á ráðningavef Árborgar og sæktu um hjá okkur  
eða sendu okkur skilaboð:

[bifrost@arborg.is](mailto:bifrost@arborg.is)  
[bjarkarbol@arborg.is](mailto:bjarkarbol@arborg.is)  
[holar@arborg.is](mailto:holar@arborg.is)  
[stjornusteinarnar@arborg.is](mailto:stjornusteinarnar@arborg.is)



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

## 1. Strengur veiðihús L166685; Skarð 1 og 2 við Stóru-Laxá (svæði AF4); Aðalskipulagsbreyting - 2206009

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til veiðihúss við Stóru-Laxá. Í breytingunni felst leiðrétting á skráningu svæðisins AF4 innan greinargerðar aðalskipulags auk þess sem heimilaður fjöldi gistirýma innan svæðisins er aukinn. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með. Skipulagsstofnun hefur staðfest niðurstöðu sveitarstjórnar.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

## 2. Hnaus, Hnaus 2; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2207019

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. ágúst 2022 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breyttrar landnotkunar innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Breytingin nær til frístundasvæða F16 og F16D sem skilgreint verður sem landbúnaðarland og mun eftir atvikum hafa áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L178933, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715

## 3. Hnaus 2, Mosató 3 L225233; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting - 2207020

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. ágúst 2022 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til aukinna heimilda vegna hótels á lóð Mosató 3. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiþlássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m<sup>2</sup> í 2.300 m<sup>2</sup> og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

## 4. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti; Aðalskipulagsbreyting - 2207018

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. ágúst 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst breyting á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti með það að markmiði að auka heimildir innan svæðanna. Flóa- og Skeiðamannafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfilt (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521).

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

## 5. Bergsstaðir L167202; Stækkun frístundareits F84; Aðalskipulagsbreyting - 2108051

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergstaða í Bláskógabyggð. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis. Annars vegar er um að ræða stækkun, samtals um rúma 6 hektara, í landi Bergstaða L167202 og hins vegar er um að ræða breytta landnotkun frístundasvæðis í landi Bergstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni.

## 6. Bergsstaðir L167201; Úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2108054

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergstaða í Bláskógabyggð. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breyttri afmörkun frístundasvæðis. Annars vegar er um að ræða stækkun, samtals um rúma 6 hektara, í landi Bergstaða L167202 og hins

vegar er um að ræða breytta landnotkun frístundasvæðis í landi Bergstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni.

## 7. Einiholt 1 land 1 L217088; Úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2110061

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Einiholts 1, land 1. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi skipulagslýsingar og deiliskipulagsáætlana:

## 8. Ásatúnsvallarland L218490; Deiliskipulag - 2206005

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykktir á fundi sínum þann 23. júní 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til Ásatúnsvallalands. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps.

## 9. Vaðnes; Frístundabyggð; 3. áfangi; Deiliskipulag - 2204055

Hreppsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. ágúst 2022 að kynna tillögu sem tekur til deiliskipulagningar nýs frístundasvæðis í landi Vaðnes sem er innan skilgreinds frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum á 54 hektara svæði.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

## 10. Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag - 2204019

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. júlí 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sérskilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir heimild fyrir hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 12 lóðum, 15 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðir er á bilinu 1.575 m<sup>2</sup> til 2.400 m<sup>2</sup>.

## 11. Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag - 2106162

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. ágúst 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til tjaldsvæðis að Vatnsholti 2. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 m<sup>2</sup>. húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gert grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu.

## 12. Strengur veiðihús L166685; Skarð 1 og Skarð 2; Deiliskipulag - 2202036

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Strengs veiðihúss. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að byggja veiðihús allt að 400 m<sup>2</sup> á einni hæð. Auk þess er heimilt viðhald og stækkun núverandi húss um allt að 30 m<sup>2</sup>. Mænishæð húsa skal ekki yfirstíga 6,0 m frá gólfplötu. Nýtingarhlutfall lóðar verði mest 0,2. Ekki skal byggja nær lóðamörkum en í tveggja metra fjarlægð. Gólfkóti húsa skal taka mið af flóðahættu vegna nálægðar við Stóru-Laxá og skal ákveðinn í samráði við byggingarfulltrúa.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: [www.asahreppur.is](http://www.asahreppur.is), [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is), [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) og [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Mál nr. 1 – 4 og 8 – 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 25. ágúst 2022 til og með 16. september 2022.

Mál nr. 5 – 7 og 10 – 12 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 25. ágúst 2022 með athugasemdafrest til og með 7. október 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is)

Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**  
Polskie mitingi aa grupa krokus.  
Poniedziałek i czwartek godzina  
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA FEBSEL**  
í Grænumörk, Selfossi.  
Sími 894 4107.

**HEILSUEFLING 60+**  
Íþróttavelli/Selfosshöllin  
þriðju- og fimmtu-  
dagsmorgna

**GOLFÆFINGAR**  
á Svarfhólsvelli þriðjudags-  
og fimmtudagsmorgna

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
 **S. 662 1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**ICECOOL**  
Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

**Bókhald • Framtöl • Skattskil**  
**Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
**Bókhald - ráðgjöf**  
**skattskil**  
**Þjónusta við**  
**einstaklinga og**  
**fyrirtæki**  
**Persónuleg þjónusta**

**KRAVINNA**  
**GRÖFUVINNA**  
**25 ÁRA REYNLA**  
Díddi S. 861 4966

**þarftu snyrtingu**  
**fyrir hundinn þinn?**

Ég var að opna stofu í  
Uriðalæk 13, 800 Selfoss  
Sími 6869790 - Klara  
fb.com/hundasnyrtir.is



**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS  
**Er eitthvað að fréttu?**  
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

## Eggert Þór ráðinn forstjóri Landeldis hf.

Stjórn Landeldis hf. hefur ráð-  
sið Eggert Þór Kristófersson í  
starf forstjóra félagsins en hann  
hóf störf 17. ágúst síðastliðinn.

Eggert er fæddur árið 1970.  
Á árunum 1995 til 2008 starf-  
aði Eggert hjá Íslandsbanka og  
Glitni þ.m.t. sem framkvæmda-  
stjóri eignastýringar Glitnis  
banka á Íslandi og í Finnlandi.  
Eggert tók við starfi fram-  
kvæmdastjóra fjármálasviðs N1  
árið 2011 og tók við starfi for-  
stjóra N1 í febrúar 2015, sem  
síðar varð Festi hf., ásamt að  
hafa verið stjórnarformaður  
N1, Krónunnar, ELKO, Festi

Fasteigna, Bakkans Vöruhótel,  
Malik Supply A/S og Nordic  
Marine Oil í Danmörku. Hann  
er með Cand. ocon. gráðu á  
endurskoðunarsviði í viðskipta-  
fræði frá Háskóla Íslands og er  
jafnframt löggiltur verðbréfa-  
miðlari.

Eggert Þór tekur við af Hall-  
dóri Ólafi Halldórssyni, stjórn-  
arformanni Landeldis, sem sinnt  
hefur starfi framkvæmdastjóra  
samhliða stjórnarformennsku.



**Eggert Þór Kristófersson,**  
**verðandi forstjóri Landeldis:**

„Ég er þakklátur fyrir tækifærið  
til að taka þátt í uppbyggingu á  
fiskeldi á landi. Félagið hefur  
góðan og reynslumikinn hóp  
starfsfólks og stjórnenda sem  
hafa mikla þekkingu af fiskeldi  
og ég hlakka til að starfa með  
því og gera Landeldi enn betra  
fyrirtæki sem mun framleiða há-  
gæða vöru til útflutnings með  
jákvæðum umhverfisáhrifum.“

**Halldór Ólafur Halldórsson,**  
**stjórnarformaður Landeldis:**

„Eggert Þór er öflugur leið-  
togi með mikla reynslu, hefur  
metnað fyrir umhverfismálum  
og hefur átt farsælan feril sem  
stjórnandi í vaxtar- og rekstrar-  
fyrirtækjum. Ráðning hans sýnir  
að Landeldi ætlar sér stóra hluti  
í uppbyggingu á laxeldi á landi.  
Landeldi tekur virkan þátt í  
þeim umbreytingum sem eru að  
eiga sér stað í átt að umhverfis-  
vænni matvælaframleiðslu um  
heim allan. Félagið hefur tryggt  
sér allar meginstöðir sem þarf til  
að byggja upp landeldi á laxi á  
komandi misserum og árum á  
stórum skala.“

**Um Landeldi:**

Laxeldismarkaðurinn telur um  
3 milljónir tonna og undir 1%  
er alið á landi. Allar helstu spár  
styðja að laxaframleiðsla nær  
ekki að halda í við mikla eftir-

spurn eftir laxi og því er um ein-  
stakt tækifæri að ræða fyrir  
Landeldi að byggja upp öfluga  
starfsemi sem mun verða mikil-  
væg útflutningsgrein á komandi  
áratug. Landeldi hf. var stofnað  
árið 2017. Sveitarfélagið Ölfus  
hefur stutt við félagið frá upp-  
hafi og aðstæður í Ölfusi eru  
einkar hagstæðar fyrir laxeldi á  
landi. Félagið stefnir á að vaxa  
jafnt og þétt í 33.500 tonna árs-  
framleiðslu árið 2028. Félagið  
rekur seiðaeldisstöð í Hvera-  
gerði og áframleiddistöð við Þor-  
lákshöfn á samtals yfir 33 ha  
svæði og hefur í dag öll tilskilin  
leyfi til að ala lax á landi. Fé-  
lagið hefur borað eftir um 2.000  
l/sek af jarðsjó og tekið fjóra  
sjótanka í notkun og verða þeir  
orðnir 14 talsins um næstu ára-  
mót. Lífmassi um næstu áramót  
er áætlaður um 500 tonn. Fé-  
lagið er nú með um 450 þúsund  
laxa í áframeldi og um 1,6 millj-  
ón í seiðaeldi. Um 25 manns  
vinna hjá félaginu og um 50  
starfsmenn hjá undirverktökum.  
Landeldi leggur metnað sinn  
í nýtingu úrgangs til áburðar-  
framleiðslu og hefur þess efnis  
nýlega skrifað undir viljayfir-  
lýsingu við Bændasamtök Ís-  
lands og kaupsamning á tækni-  
búnaði frá Blue Ocean Techno-  
logy. Stoðir hf., Framherji ehf.  
og Fylla ehf. eru stærstu hlut-  
hafar Landeldis hf. ásamt frum-  
kvöðlum.

## BÍLAR

**Gagnheiði 11**  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
**Yfirbyggingar - Réttingar**  
**Bílamálun - Rúðuskipti**

**KIETTUR**  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar  
Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

## TIL SÖLU



**Kerra til sölu**

Kerran er á fjöðrum og dempur-  
um og má bera 750 kg. Stærð:  
lengd 290 cm og breidd 120 cm.  
Uppl. í síma 861 2126.

**Bílkerra til sölu**

Til sölu bílkerra. Stærð á palli er  
150x220 cm. Hentar til flutninga  
á léttu efni, t.d. búslóð o.fl. Verð  
77 þús. kr. Uppl. í síma 482 1673  
eða 696 3961.



Mynd: Helga Sighvatsdóttir/tonar.is

## Ný stjórn Tónlistarskóla Árnesinga

Ný stjórn Tónlistarskóla  
Árnesinga hélt sinn fyrsta  
fund að Eyravegi 9 á Selfossi  
þann 16. ágúst, en í stjórn skól-  
ans sitja þrír fulltrúar frá sveitar-  
félögum Árnessýslu, auk skóla-  
stjórnenda.

Stjórnina skipa að þessu  
sinni: Kjartan Björnsson, for-  
maður (úr Sveitarfélaginu Ár-  
borg), Erla Sif Markúsdóttir,

varaformaður (úr Sveitarfélag-  
inu Ölfusi) og Sveinn Ingi  
Sveinbjörnsson, ritari (úr Blá-  
skógabyggð).

Að fundi loknum og kynn-  
ingu á starfsemi skólans, var  
litið við á kennslustöðum á Sel-  
fossi, þ.e. að Eyravegi 15, Valla-  
skóla og Sunnlækjarskóla, þar  
sem meðfylgjandi mynd var  
tekin.





Við erum sérfræðingar í prentun bóka,  
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.  
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu  
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn  
prentun

Bækur



Límmiðar

📍 Eyraðegi 25, 800 Selfoss

☎ 482 1944

✉ selfoss@prentmetoddi.is

🌐 prentmetoddi.is





## Hæðin, Brúin og Gjáin töpuðu fyrir Miðbar

Í júní sem leið var efnt til Ínafnasamkeppni fyrir nýjan skemmtistað í miðbæ Selfoss sem opnaði í sumar. „Þátt-takan var mjög góð, betri en við bjuggumst við en það voru á sjötta hundrað tillögur sem streymdu inn. Gjáin var vinsæl, aðrar tilnefningar voru til dæmis Hæðin, Brúin, Kambar og rúmlega 20 manns lögðu til nafnið Miðbarinn en þau voru 7 sem stungu upp á Miðbar. Eftir að hafa skeggrætt nöfnin fram og aftur varð Miðbar fyrir valinu,“ segir Hlynur Friðfinnsson, framkvæmdasjóri sem fær sjaldan fri, en um þessar mundir er hann og allt fólkíð sem kemur að Miðbar á fullu við að standsetja Sviðið sem á að opna á hæðinni fyrir neðan Miðbar í september.

### Dregin úr hatti

Í ljósi þess að 7 manns deildu hugmyndinni að Miðbar var



Kristín Edda var ein af 7 sem lögðu til nafnið Miðbar. Mynd: Dagskráin/HGL

brugðið til þess ráðs að draga nöfn þeirra úr hatti og heitir sú heppna Kristín Edda Sigurðardóttir sem búsett er á Selfossi og var henni í tilefni þess boðið á Miðbar á mánudaginn síðasta, þaðan sem hún var leyst út með gjafabréfum að andvirði 50.000 krónur sem hún getur nýtt á Miðbar, Risinu og á veitingastöðunum í Mjólkur-

búinu. „Ég hef aldrei unnið neitt og tek eiginlega aldrei þátt í neinu svona, en ég hafði einhverja tilfinningu fyrir þessu og ákvað bara að slá til, þetta er líka fínasta nafn“ segir Kristín létt í bragði. Við óskum henni til hamingju og erum viss um að hún eigi eftir að njóta vel á Miðbar, sem hún á nú næstum svolitinn hlut í. HGL

## Sunnlensk Orkídea

Orkídea er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, SASS Landbúnaðarháskóla Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra. Helsta markmið samstarfsins er að auka verðmæta-sköpun og greiða veg orku-tengdra tækifæra, einkum á sviði hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni. Ætlunin er að efla nýsköpun og rannsóknir á nýtingu grænnar orku og koma á öflugu samstarfi við bæði fræðasamfélagið og atvinnulífið.

Heiti verkefnisins, Orkídea, er sprettið af orðunum orka og ídea. Þannig vísar nafnið bæði

til grænnar orku og þeirra nýstárlegu hugmynda sem spretta í frjóum jarðvegi.

Framtíðarsýn Orkídeu er ætlað að efla nýsköpun og rannsóknastarf á Suðurlandi, sér í lagi á sviði hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni. Ætlunin er að koma á öflugu samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf. Markmiðið er að fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans, auka samkeppnishæfni íslenskra afurða á alþjóðlegum markaði og gera Suðurland leiðandi í samspili orku, umhverfis og samfélags.



534 9600  
www.heyrn.is

## Pípulagnir Júlla

Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is  
ornja@bttnet.is - Sími 772 1456



### Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA  
SUÐURLANDS ehf  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert  
kæling  
Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

**ÁRBORG TAXI**  
482 1333  
arborgtaxi@gmail.com

**LOFTNET NETSJÓNVARP**  
Þekking og reynsla  
UPPSETNING OG VIÐGERÐIR  
Loftnet – Gervihnattapjónusta  
Rafvirkjun – Ljósleiðaratengingar  
Tölvulagnir – Símalagnir  
Bústaðir – Húsbílar  
**Loftnetstaekni.is**  
sími 894 2460 – Selfoss

**Jiibbi**  
Siggaferðir


- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

## Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið  
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



**ÖKULAND**  
Meirapróf  
Endurmenntun  
Akstursþjálfun  
okuland.is

**Rétting og málun**  
Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti  
**Bilverk BA**  
Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is